

# Fréttabréf

Haust 2023

Sjóðfélagayfirlit færð á vefinn

Yfirlit – af hverju?

Nýjar samþykktir hafa tekið gildi

Ávöxtun sjóðsins

Réttindakerfi tryggingadeildar Stapa

Kostir séreignarsparnaðar

Vörsluaðilar og kostnaður

Hefur þú kynnt þér sjóðfélagalán?


## Sjóðfélagayfirlit færð á vefinn

Á vordögum voru gerðar breytingar á lögum sem heimila lífeyrissjóðum rafræna birtingu sjóðfélagayfirlita. Hjá Stapa var tekin ákvörðun um að meginreglan yrði rafræn birting en yfirlit sent í bréfaþósti til þeirra sem þess óska.

- Yfirlit eru birt tvisvar á ári undir *Skjöl* á [sjóðfélagavef](#) og á [Ísland.is](#)
- Sjóðfélagar með skráð netfang í *Mínar upplýsingar* á vefnum fá sendan tölvupóst þegar yfirlit er birt á vefnum
- Sjóðfélagi getur óskað eftir að fá yfirlit í bréfaþósti með því að skrá það undir *Mínar upplýsingar* á sjóðfélagavef eða með því að hafa samband við sjóðinn.

Það er mikilvægt að yfirfara samskiptastillingar, bæði á sjóðfélagavefnum og á Ísland.is, þannig að upplýsingarnar komist með réttum hætti til skila.

Vefur sjóðfélaga er aðgengilegur ofarlega til hægri á [stapi.is](#).



## Yfirlit – Af hverju?

Lífeyrisréttindi byggjast á þeim greiðslum sem skila sér til sjóðsins. Til að réttindi glatist ekki er mikilvægt að bera saman iðgjaldagreiðslur á yfirliti við greidd iðgjöld samkvæmt launaseðlum. Hér að neðan eru nokkrar spurningar sem gott er að spyrja sig.

- Hafa iðgjöld sem dregin eru af launum skilað sér til Stapa?
- Er mótframlag launagreiðanda rétt? Flestir greiða 11,5%
- Er ávöxtunarleidd séreignar í samræmi við val sjóðfélaga?

Á [vef sjóðfélaga](#) er alltaf hægt að fylgjast með greiddum iðgjöldum, réttindaávinnslu o.fl.



## Nýjar samþykktir hafa tekið gildi

Á ársfundi Stapa þann 3. maí sl. voru samþykktar tillögur að breytingum á samþykktum, sumar hverjar lítilsháttar orðalagsbreytingar en aðrar umfangsmeiri og tilkomnar vegna spár um áframhaldandi aukningu á lífslíkum.

Fjármálaráðuneytið hefur staðfest breytingarnar og tóku þær gildi þann 1. október sl. Áhrif þeirra eru minnstar hjá þeim sem eiga stutt í eftirlaunaaldur en mestar hjá þeim sem eru yngstir, enda áætlað að þeir nái hærri aldri en fyrri árgangar og réttindasjóður þeirra þarf því að dreifast á fleiri mánuði.


Þeir sjóðfélagar sem þegar fá greidd eftirlaun frá sjóðnum verða ekki fyrir áhrifum vegna þessara breytinga.



## Ávöxtun sjóðsins

Nafnávöxtun tryggingadeildar á fyrstu 9 mánuðum ársins 2023 nemur 1,3% sem er nokkuð lægra en langtímaávöxtunarmarkmið sjóðsins. Erfiðlega hefur gengið að ná tókum á verðbólgu hér á landi það sem af er ári. Seðlabankinn hefur því ítrekað gripið til vaxtahækkana og hafa stýrivextir ekki verið hærri frá árinu 2009 og gætir áhrifa þess bæði á innlendum hlutabréfa og skuldabréfamarkaði. Erlendis hefur þrálát verðbólga einnig framkallað stýrivaxtahækkanir og gáfu alþjóðlegir hlutabréfamarkaðir nokkuð eftir á þriðja ársfjórðungi eftir sterka byrjun á árinu.


Vegna mikillar verðbólgu hefur nafnávöxtun innlendra skuldabréfa verið ágæt það sem af er ári, en afkoma innlendra hlutabréfa hefur verið slök á sama tíma. Því hefur vægi innlendra skuldabréfa aukist á árinu um 2% á kostnað innlendra hlutabréfa. Ávöxtun erlendra eigna er ágæt mæld í erlendri mynt en styrking krónunnar það sem af er ári, dregur úr ávöxtun mælt í krónum. Vægi erlendra eigna hefur aukist óverulega í eignasafninu.



Ávöxtun séreignar það sem af er ári er viðunandi miðað við markaðsaðstæður. Nafnávöxtun varfærna safnsins var 1,5% á tímabilinu en nafnávöxtun áræðna safnsins 1,1%. Nafnávöxtun beggja þessara safna er ágæt sé horft til lengri tíma, hvort heldur sem er 5 eða 10 ára.

Nafnávöxtun tilgreindrar séreignar það sem af er ári er 0,6%. Safnið er frekar nýlegt en sjóðfélagar byrjuðu að greiða inn í safnið fyrir um 5 árum. Á meðan safnið er að vaxa hlutfallslega mikið á hverju ári má búast við sveiflum í ávöxtun þess. Árleg ávöxtun síðustu 5 ár er jákvæð um 5,7%.

## Réttindakerfi tryggingadeildar Stapa



■ Réttindi sjóðfélaga eru tengd beint við ávöxtun sjóðsins með svokallaðri eignavísitölu. Í hverjum mánuði eru eignir sjóðsins metnar og réttindi sjóðfélaga uppfærð í samræmi við ávöxtun.

■ Áfallatryggingar greiða endurhæfingar- og örorkulífeyri til sjóðfélaga ef starfsorka skerðist um 50% eða meira og veldur tekjutapi. Maka- og barnalífeyrir er greiddur við andlát sjóðfélaga.

■ Þegar sjóðfélagi velur að hefja töku eftirlauna er réttindasjóði breytt í mánaðarlegar greiðslur til æviloka. Hægt er að hefja töku eftirlauna á aldrinum 60-80 ára.

■ Á [vef sjóðfélaga](#) er hægt að fylgjast með þróun réttindasjóðs. Þar er einnig reiknivél til útreiknings á framtíðar-eftirlaunum.

## Kostir séreignarsparnaðar

Það er einfalt að hefja séreignarsparnað og ávinningurinn er ótvíræður.

- Ef sjóðfélagi greiðir 2-4% í séreignarsparnað þá greiðir launagreiðandi 2% mótframlag sem er ígildi launahækkunar
- Hægt að nýta sparnaðinn skattfrjálst til kaupa á fyrstu íbúð og greiða tímabundið inn á fasteignalán
- Aukinn sveigjanleiki við starfslok

Hægt er að skila inn rafrænni umsókn á [umsóknarvef](#).  
Stapi sér um að senda upplýsingar áfram til launagreiðanda.

Á [vef sjóðfélaga](#) og á [stapi.is](#) er hægt að fylgjast með ávöxtun.





## Vörsluaðilar og kostnaður

Það er mikilvægt að vanda valið þegar kemur að vörsluaðila séreignarsparnaðar. Lífeyrissjóðir, bankar og erlendir aðilar bjóða upp á margvíslegar fjárfestingarleiðir en kostnaður getur verið mismunandi milli fjárfestingarleiða og vörsluaðila.

Ef sjóðfélagi ætlar að nýta séreign inn á lán eða til íbúðarkaupna þarf að hafa í huga að það eru ekki allir vörsluaðilar sem heimila slíkt.

Við hvetjum sjóðfélaga til að kynna sér þessi mál vel.



## Hefur þú kynnt þér sjóðfélagalán?

Stapi býður verðtryggð lán gegn veði í íbúðarhúsnæði í eigu sjóðfélaga. Hægt er að fá lán með föstum eða breytilegum vöxtum.

- Hámarkslán kr. 70.000.000
- Við kaup á fasteign miðast lánsbætur við kaupverð
- Við endurfjármögnun miðast lánsbætur við nýjasta fasteignamat
- Einfalt rafrænt umsóknarferli
- Upplýsingar um lánsrétt eru á [vef sjóðfélaga](#)

Allar nánari upplýsingar um sjóðfélagalán er að finna á [stapi.is](#) en fyrirspurnir má einnig senda á [lan@stapi.is](mailto:lan@stapi.is).





---

Strandgötu 3, 600 Akureyri og Bakkavegi 5, 740 Neskaupstað.

*Afgreiðslutími skrifstofu:*

Akureyri kl. 9:00–12:30 og 13:00–15:00. Neskaupstaður kl. 9:00–12:00.

Sími: 460 4500 | [www.stapi.is](http://www.stapi.is) | [stapi@stapi.is](mailto:stapi@stapi.is)